

dagsönn

Ummæli

Lág laun þingmanna?



„Þegar þingmenn segja sín laun of lág þá fer það bara eftir því við hvað þeir miða. Gæti þá ekki verið að viðmiðunarhópar þeirra séu of háir. Og ég spyr: hvað ef þeir miða við verkafólk.“

Björn Grétar Sveinsson, form. Verkamannasambandsins, í Degi.

Laun í gjörgæslu

„Ef laun þeirra eru hættulega lág, þá eru laun verkafólks komin í hreina gjörgæslu.“

Aðalsteinn Baldursson, form. Verkafélags Húsa- vikur, í Degi.

Besta liðið

„Ef ég hefði lið eins og Stjörnuna í mínum höndum þá myndi ég stjórna þeim gegnum GSM-síma og samt ná árangri.“

Þorbergur Aðalsteinsson handknattleiksþjálfari, í Morgunblaðinu.

Íþróttavöllur eða kumbaldi

„Það er búið að taka um fimmtíu ár að byggja upp íþróttavöll Akureyringa og það yrði enn eitt slysið í miðbæjarskipulagi okkar Akureyringa ef vellinum yrði fórnað fyrir steinkumbalda.“

Stefán Gunnlaugsson, í DV.

Neyslufíklar


„Þeir sem eru „neyslufíklar“, geta ekki átt 10.000 kall í vasanum án þess að eyða honum, eiga endilega að fara í þennan sparnað.“

Pétur Blöndal alþingismaður um nýja lífeyrissparnaðinn, í Degi.

Börn með aðgang að íbúð

„Mörg börn eiga bara aðgang að íbúð en ekki heimili. Foreldrar þeirra eru plockfastir í vinnu og mér finnst þeir ekki hafa leyfi til að nota frítíma sinn í sig sjálfa.“

Herdís Egilsdóttir kennari, í Morgunblaðinu.



Þorgerður Ragnarsdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Áfengis- og vímuvarnaráðs:

Forvarnir skipta máli

Þorgerður Ragnarsdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Áfengis- og vímuvarnaráðs, er bæði hjúkrunarfræðingur og fjölmiðlafræðingur. Hún starfaði sem hjúkrunarfræðingur í 9 ár áður en hún hóf nám í fjölmiðlafræði. Undanfarnin ár hefur hún gegnt starfi ristjóra Tímarits hjúkrunarfræðinga.

Þorgerður er gift Gísli Heimisyni verkfræðingi og eiga þau þrjú börn. María er 15 ára, Grímur er 12 ára og Ragnar er 2 ára. Áhugamál Þorgerðar eru samvera með fjölskyldunni og ræktun líkama og sálar og svo segist hún vera alæta á bækur.

„Mig langaði til að breyta til,“ segir hún um tildrög þess að hún sótti um nýja starfið. „Ég vil þó taka fram að ég var mjög ánægð í starfi mínu sem ritstjóri Tímarits hjúkrunarfræðinga.“

Maður dagsins

Nýja starfið hjá Áfengis- og vímuvarnaráði felst í forvarnarstarfi og telur Þorgerður að menntun sín og reynsla muni nýtast þar vel.

Hún segist hafa hugsað um áfengis- og vímuefnabölið sem móðir barna og unglinga. „Ég er ekki bindindismanneskja sjálf en hingað til hefur mér tekist að rata meðalhófið. Svo þegar maður á börn og unglinga fer maður að velja því fyrir sér í hvernig heimi maður lifir, hvaða hættur leynast hinum megin við hornið og hvað manni finnst skipta máli í lífinu. Ég hef verið virk í for-

eldrastarfi í Reykjavík í mörg ár og þar er þetta stór þáttur. Ég held að forvarnir byrji heima og að það hvort og hvernig foreldrar umgangast áfengi hafi mikil áhrif á börn þeirra. Allt af margir unglingar á grunnskólaaldri hér á landi neyta áfengis. Það er einnig of algengt að þeir verði ölvaðir og lendi í klandri vegna þess. Foreldrar þeirra eiga erfitt með að gera sér grein fyrir umhverfinu sem þeir hræstast í því það er svo breytt frá því sem var fyrir tuttugu til þrjátíu árum. Núna eru alls kyns efni í boði sem voru óþekkt þá.“

Áfengis- og vímuvarnaráð er þessar vikurnar að vinna að stefnumótun og að átta sig á, í samráði við aðra sem vinna að vímuefnavörnum, hvar best er að bera niður núna.

„Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að það hefur ýmislegt verið gert og flest vel. Samt er neyslan frekar á uppleið. Ég sagði áðan að allt of margir unglingar neyta áfengis. Hassið sækir líka á frekar en hitt. Ég hef trú á að ef tekst að stilla saman krafta þeirra sem vinna að vímuvörnum sé hægt að hafa áhrif. Stundum er sagt að forvarnir í

þessum efnum séu til einskis en við vitum ekki hvernig neyslan væri ef ekkert væri að gert. Benda má á að með forvörnum hefur tekist að breyta reykingamenningu lands-

mannna mikið. Almennt hefur dregið úr tilbaksneyslu og ekki er lengur leyfilegt að reykja í hverjum krók og kima. Ég er viss um að forvarnir skipta máli.“

-SJ



Þorgerður Ragnarsdóttir. DV-mynd PÖK



Haukar og Stjarnan keppa í Garðabæ í kvöld.

Spennandi leikir í handboltanum

Heil umferð í 1. deild karla í handboltanum verður í kvöld. Deildin, sem er opin í báða enda, hefur verið mjög spennandi í vetur og eiga nokkur lið möguleika á að verða deildarmeistarar og baráttan á botninum er einnig hörð og alls ekki útséð með það hvaða lið falla í 2. deild. Stórleikir kvöldsins fara fram í Ásgarði í Garðabæ og Valsheimilinu. Í

Íþróttir

Ásgarði keppa Stjarnan og Haukar en bæði þessi lið eru firnasterk og Valsmenn taka á móti efsta liðinu í deildinni Aftureldingu á sínum heimavelli og þeir eru sem fyrr aldrei auðsigradír á Hlíðarenda. Aðrir leikir eru ÍR-ÍBV, sem fram fer í Austurbergi, Selfoss-KA, sem fram fer á Selfossi, Gróttu-KR-Fram á Sel-tjarnarnesi og FH-HK í Kópavogi í Hafnarfirði. Allir leikirnir hefjast kl. 20 nema leikur FH-HK sem hefst kl. 20.30.

Ekkert er leiðið í körfuboltanum í kvöld en fimm leikir eru á dagskrá annað kvöld í úrvalsdeildinni þar sem meðal annars efsta liðið, Keflavík, tekur á móti Skallagrimmi og Grindvíkingar leika gegn ÍA.

Bridge

Stærsta tap íslensku sveitarinnar í einu spili á Hero – alþjóðlegu móti yngri spilara í Hollandi á dögnum – var í þessu spili í 15. umferð keppninnar. Spilið kom upp í leik liðsins við Breta. Sagnir enduðu í frekar ólánlegum samningi, þremur gróndum í opnum sal hjá Íslendingum sem fóru einn niður eftir hjartaútspil. Íslendingar hefðu þó getað grætt 3 impa á spilinum því Bretarnir voru fullakafir í sögnum í lokuðum sal. Norður gjafari og allir á hættu:

♠ DG1097	♠ 4	♠ AG109542	♠ 52
♠ A864	♠ KG763	♠ A73	♠ D98542
♠ D	♠ K3	♠ A10	♠ K652
	♠ DG1098	♠ K876	♠ 3



Ásgerður Búadóttir sýnir í Gallerí Ingólfsstræti 8

Ný verk Ásgerðar

Um síðustu helgi var opnuð sýning í Gallerí Ingólfsstræti 8 á verkum eftir Ásgerði Búadóttur. Á sýningunni sýnir Ásgerður níu verk sem hún hefur unnið á síðasta ári sérstaklega fyrir þessa sýningu. Veflist Ás-

gerðar er vel þekkt og er hún ein af okkar þekktari myndlistarmönnum. Ásgerður á fjölda sýninga að baki og hefur sýnt víða um heim og eru verk hennar víða í söfnum og opinberum byggingum hér á landi og erlendis.


Þetta er önnur sýning Ásgerðar Búadóttur í galleríinu en hún var einn af fyrstu sýningunum í Ingólfsstræti 8 árið 1995. Sýn-

Sýningar

ingin stendur til 14. febrúar og er galleríið opið fimmtudaga til sunnudaga kl. 14-18.



Gengur af andstæðingi sínum dauðum



Myndgátan hér að ofan lýsir orðasambandi.

Kerfi Bretanna var eðlilegt (Acol) og eitthvað virðist hafa farið úrskeiðis í sögnum hjá þeim því þeir voru komnir í alslemmuleit á hendur n.s. Þeir létu þó staðar numið í 6 laufum eftir nokkra sagnbaráttu þar sem a-v höfðu sagt frá hjartalit sínum.

Vestur doblaði 6 lauf og austur var svo ólán-samur að spila út hjarta. Þar með losnaði norður við einspil sitt í tígli og tapaði aðeins einum slag á spaðaásinn. Leikurinn fór 13-29 í impum talið og 19-11 fyrir Breta, en hefði farið 16-14 fyrir Ísland ef slemman hefði farið niður.

Ísak Örn Sigurðsson